

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar
nr. 148 18. mars 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

Staflíðir a-g í 3. gr. orðist svo:

- a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t.d. í sambandi við eldsneytis-sölu, skal greiða kr. 32 000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 6,50.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2,60 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 7,70 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 3,85 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 16,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 12,90 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir:
Til fiskiskipa kr. 41,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og lágmarksgjald skal vera kr. 410,00.
Til annarra skipa kr. 54,00 fyrir hverja smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 540,00.
Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja
nr. 31 2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.